

**A 1877/tillvæxt****Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um

**þingmannatillögu  
um norrænar aðgerðir gegn smygli á hundum****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún gangist fyrir að unnt verði að samkeyra skráningu hunda í sérhverju norrænu landi

að hún beiti sér fyrir að Rússland verði fellt út af lista yfir svæði og þriðjulönd sem fjallað er um í 13. gr. rg. (ESB) nr. 576/2013

að hún stuðli að því að norrænu löndin taki sér verklag í Noregi til fyrirmyndar og afli sér heimildar til að gera mótefnamælingar vegna sjúkdóma á borð við hundaæði við innflutning á hvolpum sem eru flokkaðir sem sölugýr við flutning yfir landamæri

**Bakgrunnsupplýsingar**

Eftirspurn eftir hundum sem gæludýrum hefur stóraukist nú á tímum kórónuveirunnar. Mörgum finnst rjúfa einmanaleika að fá sér hund og heimavinna gerir það mögulegt. Hin aukna eftirspurn hefur valdið því að biðraðir hjá skráðum og viðurkenndum ræktendum hafa orðið mjög langar.

Ótíndir bófaflokkar nýta sér þetta ástand og flytja verksmiðjuræktaða hunda til Norðurlanda sem þangað komast við illan leik. Þeir eru svo seldir með miklum gróða á auglýsingasíðum á netinu. Stórir auglýsingamiðlar á borð við Facebook og Blocket standa höllum fæti andspænis óábyrgum auglýsingum. Á hinum vafasömu auglýsingasíðum má sjá fjölda svipaðra Google-þýddra auglýsinga þar sem hvolpar eru falboðnir við afar vægu verði. Þetta eru sömu undirheimagengi og fjölþjóða samstarfsnet sem ella stunda mansal og viðskipti með fíkniefni og fólks persónuskilríki.

Hvolparnir eru aldir upp í eins konar iðnvæddri fjöldaframleiðslu við mjög slæm og óheilsusamleg skilyrði. Þótt hvolparnir búi ekki lengi við slíkar aðstæður eru þeir berskjaldaðir fyrir sjúkdómum og streitu áður en þeim er smyglað til Norðurlanda á



sársaukafullan hátt. Ekki er óalgengt að sett sé límband um skoltinn og fótleggina á þeim meðan á flutningnum stendur svo að engan gruni neitt þegar þeir eru fluttir yfir landamærin. Því fer fjarri að allir lifi ferðalagið af.

Smyglið er siðlaust og skammarlegt frá sjónarhóli dýraverndar. En innflutningur hunda hefur einnig í för með sér alvarlegar heilsufarsógnir fyrir fólk. Hundaæði, sýklar og fjölonæmar bakteríur eru súnur sem hættu er á að festi rætur í löndunum okkar í kjölfarið á smyglinu.

Meirihluta hvolpa er þar að auki fluttur inn eftir löglegum leiðum en á fölskum skilríkjum. Samkvæmt tollayfirvöldum í Svíþjóð koma 30 til 50 hvolpar til landsins á hverjum degi að því er virðist löglega.

Unnt er að koma í veg fyrir þessi hörmulegu viðskipti með hvolpa á þessum forsendum með hertri löggjöf í löndunum og öflugri upplýsingagjöf til kaupenda. Þá geta Norðurlönd lagst saman á árárnar og hert róðurinn gegn smyglurunum.

Samkeyra mætti landsskrár um hundahald í sérhverju norrænu landi. Löndin ættu að leyfa slíka aðgerð og stuðla að því að önnur Evrópulönd gerðu það líka.

Dýr sem flutt eru inn í stærri hópum en fimm skulu álitin sölugdýr. Þá er ekki um að ræða eiganda sem flytur með sér dýr heldur dýr sem flutt eru inn með það fyrir augum að þau lendi einhvers staðar annars staðar. ESB setur reglur um skilyrði fyrir innflutningi á slíkum dýrum. Samkvæmt framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. [577/2013](#) er gerður listi yfir lönd utan ESB sem leyfilegt er að flytja inn dýr frá til norrænu landanna svo fremi þeim fylgi rétt vottorð. Rússland er meðal landa á þeim lista en dýralæknastofnun Svíþjóðar, Statens veterinärmedicinska anstalt, ásamt fleirum telur Rússland vera hááhættuland. Ástæða er því til að taka Rússland af listanum.

Auk þess er aðkallandi að norrænu löndin, öll sem eitt, afli sér heimildar til að gera mótefnaþælingar vegna sjúkdóma á borð við hundaæði. Þrátt fyrir að Noregur sé EES-ríki er ekkert annað land komið eins langt í að geta gert þess háttar þælingar, einnig hvað innflutning frá löndum Evrópusambandsins varðar. Er brýnt að aðrar norrænar þjóðir afli sér slíkra heimilda sömuleiðis en geri ekki aðeins handahófskenndar stikkprufur. Komi ekki fram mótefni við þælingu en skjöl sýni annað verður hægt að afhjúpa spillta dýralækna og kæra þá til dýralæknasambanda viðkomandi lands.



Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin ákvað á fundi sínum hinn 29. júní 2021 að senda tillögu flokkahóps miðjumanna varðandi smygl á hundum til umsagnar og veitti skrifstofunni það verkefni að senda umsagnarbréfin til landsdeildanna hinn 19. júlí 2021 til áframsendingar til viðkomandi yfirvalda og stofnana í hverju landi.

Umsagnir hafa borist frá átján yfirvöldum og stofnunum á Norðurlöndum.

**Svíþjóð:** Tullverket, Polismyndigheten, Jordbruksverket, Statens veterinärmedicinska anstalt, Sveriges veterinärförbund, Sveriges lantbruksuniversitet, Svenska kennelklubben, Svenska djurskyddsföreningen

**Noregur:** Lantbruks- og matdepartementet

**Finnland:** Regionförvaltningsverket södra Finland, Tulli/bevakningsavdelningen, Skatteförvaltningen/Stabs- och rättsenheten, Finlands jord- och skogsbruksministerium, Polisen

**Danmörk:** Skatteministeriet, Ministeriet for Fødevarer, Landbrug og Fiskeri, Den Danske Dyrlægeforening

**Ísland:** Matvælastofnun (MAST)

Hér fyrir neðan er samantekt á tillögum yfirvaldanna og stofnananna.

1. Tillagan að Norðurlönd samkeyri landsskrár sínar um hundahald.

Ellefu umsagnaraðilar hafa skilað inn jákvæðri umsögn. Átta hafa vísað til ESB. Af þeim átta hafa fjórir veitt jákvæða umsögn og einn neikvæða. Eftirstandandi fjögur yfirvöld eða stofnanir hafa veitt tillögunni neikvæða umsögn eða ekki enn veitt umsögn þar sem beðið er niðurstöðu úttektar.

Niðurstaðan er að meirihluti umsagnaraðila er jákvæður en að samkeyrsla landsskráa skuli einnig ná til ESB.

2. Tillagan að samkvæmt framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 577/2013 sé Rússland fjarlægt af listanum yfir lönd utan ESB sem leyfilegt er að flytja inn dýr frá til norrænu landanna svo fremi þeim fylgi rétt vottorð.

Tólf yfirvöld/stofnanir hafa svarað þingmannatillögunni jákvætt og þrjú aðilar hafa vísað til annarra landsyfirvalda um svar. Þau yfirvöld sem vísað er til hafa tekið jákvætt í þingmannatillöguna.

Niðurstaðan er að mikill meirihluti styður þingmannatillöguna.

3. Tillagan að norrænu löndin taki sér verklag í Noregi til fyrirmyndar og afli sér heimildar til að gera mótefnamælingar vegna sjúkdóma á borð við hundaæði.



Á þann hátt megi bæði ná til hunda með falska skráningu og afhjúpa dýralækna sem veita falska skráningu.

Fimmtán yfirvöld/stofnanir hafa veitt tillöggunni jákvæða umsögn. Eitt yfirvald vísar til ESB. Eitt hefur ekki skilað inn umsögn og vísar til annars yfirvalds.

Niðurstaðan er að mikill meirihluti hefur veitt tillögu þingmannanefndarinnar jákvæða umsögn.

Þó ber að hafa í huga að þó að margar umsagnir hafir borist frá Norðurlöndum er hlutfallið á milli landanna nokkuð ójafnt, sem veldur tiltekinni óvissu um hvort líta megi á svörin sem afstöðu Norðurlanda til þingmannatillögunnar.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Smygl á hundum er vandamál sem sprottið er af því að eftirspurn eftir hundum hefur aukist í heimsfaraldri COVID-19. Það hefur í för með sér að biðlistar hjá skráðum hundaræktendum hafa lengst. Þetta hefur á móti leitt til að glæpagengi hafa séð sér leik á borði að svara þessari eftirspurn með innflutningi á hundum frá iðnaðarræktendum utan Norðurlanda. Hundarnir hafa svo verið seldir áfram á Norðurlöndum með mikilum hagnaði á auglýsingasvæðum á netinu. Nefndin taldi að þingmannatillagan ætti rétt á sér og á fundi nefndarinnar hinn 29. júní 2021 var ákveðið að senda málið til umsagnar á Norðurlöndum.

Í meirihluta þeirra átján umsagna sem borist hafa kemur engin sérstök skoðun fram og fáeinir umsagnaraðilar eru tvístígandi eða neikvæðir. Þeir sem eru tvístígandi vilja bíða niðurstaðna landsúttekta eða vísa í svörum sínum til ESB eða annarra landsyfirvalda.

Meirihluti umsagnaraðila hefur í umsögnum sínum, þrátt fyrir ójafnvægi í hlutfalli á milli landanna, verið jákvæður til þingmannatillögunnar. Spurningin á rétt á sér og er mikilvæg í baráttunni gegn óprúttum glæpagengjum þar sem líf eru að veði í viðskiptum sömu gengja og stunda eiturfjaviðskipti, skilríkjafalsanir og mansal. Nefndin styður því tillögu flokkahóps miðjumanna.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum

- að Norðurlönd samkeyri landsskrár sínar um hundahald
- að aðilar taki höndum saman í samræmi við framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 577/2013 og fái Rússland fjarlæggt af listanum yfir lönd utan ESB sem leyfilegt er að flytja inn dýr frá til norrænu landanna svo fremi þeim fylgi rétt vottorð
- að norrænu löndin taki sér verklag í Noregi til fyrirmyndar og afli sér heimildar til að gera mótefnamælingar vegna sjúkdóma á borð við hundaæði. Á þann hátt megi bæði ná til hunda með falska skráningu og afhjúpa dýralækna sem veita falska skráningu.



Norðurlöndum, 25. janúar 2022

*Anders Eriksson (ÅF)*

*Anna Vikström (S)*

*Ann-Christine Utterstedt (SD)*

*Arman Teimouri (L)*

*Freddy André Øvstegård (SV)*

*Gisle Meininger Saudland (FrP)*

*Jaspur Langgaard (sb)*

*Joakim Strand (sv)*

*Johan Kvarnström (sd)*

*Karianne B. Bråthen (A)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Liv Kari Eskeland (H)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Orri Páll Jóhannsson (NGV)*

*Pål Jonson (M)*

*Stein Erik Lauvås (A)*

*Vilhelm Junnila (saf)*

*Åsa Karlsson (S)*

-